



Fundargerð

478. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu Kirkjubæjarstofu þekkingarseturs Klausturvegi 4, 2. hæð, fimmtudaginn 14. júlí 2022, kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jónsson og Sandra Brá Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Þetta er 10. sveitarstjórnarfundur ársins. Fundargerð er tölvuskráð og er 6 bls. Fundurinn er hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum er einnig streymt á YouTube.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps vill koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem veittu aðstoð vegna þess hörmulega slyss sem varð á Meðallandsvegi þann 8. júlí sl. Fjölskyldu Sólrúnar Láru Sverrisdóttur sem lést í slysinu vottum við innilegrar samúðar ásamt öllum þeim sem eiga um sárt að binda í kjölfar slyssins. Hugur okkar er einnig hjá þeim sem komust lífs af í slysinu en ljóst er að þeir eiga erfitt ferli fyrir höndum og óskum við þeim og aðstandendum þeirra alls hins besta. Samfélagið okkar er í sárum en það er einmitt á svona stundu þar sem virkilega reynir á samheldni og samhug í okkar litla samfélagi. Sem virðingavott mun sveitarstjórn Skaftárhrepps hefja fundinn á einnar mínútu þögn.

Oddviti óskar eftir viðbót við dagskrá, að við málefnskrá bætist;
10. Skipun í Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellsýslu.

Dagskrárbreyting samþykkt.

Sveitarstjóri greinir frá gangi mála frá síðasta sveitarstjórnarfundum:

27. júní fundur sveitarstjórnar með stjórn og svæðisráði vestursvæðis
Vatnajökulspjóðgarðs

28. júní stjórnarfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

7. júlí Aðalfundur Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellsýslu

13. júlí samráðsfundur félagsmálastjóra og sveitarstjóra aðildarsveitarfélaga
Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu vegna skipan félagsmálanefndar og
barnaverndarnefndar

Fundargerðir til samþykktar

1. 2206002F - Skipulagsnefnd - 174
 - 1.1 1710004 - Kæra til ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hnútuvirkjun í Hverfisfljóti liggur frammi.

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 174

Skipulagsnefnd fór yfir framlögð gögn í málinu. Málinu frestað til næsta fundar en í millitíðinni verði aflað frekari gagna m.a. frá Landsneti, Rarik og Orkustofnun. Tekið verði saman áætlaðar tekjur Skaftárhrepps af

BHS
J.G.
GPS
Shi
Ab.



fyrirhugaðri virkjun.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

1.2 2203003 - DSK breyting að Skaftárvöllum 13 - Grenndarkynning

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 174

Skipulagsnefnd samþykkir dsk og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að afgreiða málið í samræmi við 44. gr. skipulagslaga nr 123 frá 2010

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2. 2207001F - Skipulagsnefnd - 175

2.1 1710004 - Kæra til ÚUA vegna framkvæmdaleyfis fyrir Hnútvirkjun í Hverfisfljóti - Greinargerð

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 175

Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að halda utanum vinnu og gagnaöflun í kringum greinargerðina.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

2.2 2010007 - DSK milli Klausturvegar og Skaftár

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 175

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagslýsing verði unnin fyrir lok október nk.

Sveitarstjórn samþykkir að fela skipulagsnefnd að vinna lýsingu deiliskipulags fyrir svæðið í samræmi við 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Vinnunni skal hraðað eins og kostur er svo það hamli ekki frekar nauðsynlegri uppbyggingu. Mikilvægt er að lýsingin verði kynnt sem fyrst til að gefa öllum tækifæri á að koma með athugasemir svo hægt verði að vinna málið áfram í sem mestri sátt við samfélagið.

2.3 2207022 - Lóð fyrir spennistöð - Rarik

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 175

Málinu vísað til Dsk gerðar skv. lið 2

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Sveinn Hreiðar Jensson lýsir yfir vanhæfi við afgreiðslu næsta liðar og vikur af fundi

2.4 2207023 - Byggingaleyfisumsókn vegna viðbyggingar/útigeymslu, Mhl

BHS
J.G.
GPS
Shi
Ak



05, við Hótel Klaustur

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 175

Skipulagsnefnd tekur jákvætt í byggingaráformin og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að ljúka málinu.

Sveitarstjórn samþykkir byggingaráformin og staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Sveinn Hreiðar Jensson kemur aftur til fundarins.

2.5 1904001 - Heildarendurskoðun ASK Skaftárhrepps 2019-2031

Niðurstaða Skipulagsnefnd - 175

Skipulagsnefnd leggur til við sveitarstjórn, í ljósi kosninga, sumarleyfa og dræmra skila á athugasemdum fyrir 30.júní sl., að athugasemdafrestur verði framlengdur til 11.ágúst nk

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu nefndarinnar.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

3. 2206007 - Erindisbréf fjallskilanefnda og atvinnumálanefndar

Sveitarstjóri leggur fram tillögu að breytingum á erindisbréfum fjallskilanefnda og atvinnumálanefndar.

Sveitarstjórn samþykkir erindisbréfin. Sveitarstjóra falið að senda þau út til nefndarmanna.

4. 2206008 - Daggjöld á afrétti 2022

Sveitarstjóri leggur fram eftirfarandi tillögum að daggjöldum á afrétti og vegna smölunar heimalanda árið 2022. Daggjöld árið 2021 voru 15.900,-.

Undanfarin ár hafa daggjöld verið framreiknuð miðað við vísitölu neysluverðs. Vísitala neysluverðs í maí 2021 var 501,4 stig en er í júní 2022 547,1 stig.

Daggjöld árið 2022 yrðu því 17.350,- kr.

Miðað yrði við sömu upphæð vegna smölunar heimalanda þegar greiða þarf smölun á kostnað landeigenda.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna. Sveitarstjóra falið að senda upplýsingar um fjártölur ásamt upphæð daggjalda á fjallskiladeildir.

5. 2206006 - Umsagnarbeiðni - rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 15.06.2022

Fyrir liggur umsagnarbeiðni vegna umsóknar Iccetrek ehf. kt. 630806-1780 um leyfi til reksturs veitinga í flokk II. Tegund: Veitingaleyfi-C, veitingastofa og greiðasala í Hólaskjóli Hálendismiðstöð, Lambaskarðshólum við Eldgjá,

BKS
J.P.
GPS
Shi
AG



fastanúmer:235-2272.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

6. 2206009 - Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 22.06.2022
Fyrir liggur umsagnarbeiðni vegna umsóknar Nónfjalls kt. 670618-0560 til reksturs gististaðar í flokk II-B, Stærra gistiheimili fyrir Flögu Guesthouse, Flögu 2, fastanúmer: 218-9223 mhl.04-0101 og 05-0101.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

7. 2206010 - Umsagnarbeiðni breyting - Rekstrarleyfis. Sýslumaðurinn á Suðurlandi, dags. 27.06.2022
Fyrir liggur umsagnarbeiðni um breytingu rekstrarleyfis vegna umsóknar Systrakaffis ehf. kt. 530201-2010 um leyfi til reksturs veitinga í flokk II, veitingaleyfi-A, veitingahús að Klausturvegi 13, Fastanúmer, 219-0847.

Sveitarstjórn samþykkir veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

8. 2207020 - Samþykktir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu - fyrri umræða
Stjórn Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu leitaði til óháðra ráðgjafa um gerð úttektar á stjórnskipulagi og verklagi byggðasamlagsins með hliðsjón af lögum um samþættingu í þágu farsældar barna. Niðurstaða ráðgjafa var að skipulagið vinni ekki með samþættingunni og voru lagðar fram nokkrar breytingartillögur. Endurskoða þarf samþykktir byggðasamlagsins af þessum sökum og voru tillögur um breytingar á samþykktunum samþykktar á aðalfundi Félags- og skólaþjónustunnar þann 7. júlí sl. Samþykktirnar liggja nú fyrir hjá aðildarsveitarfélögunum til tveggja umræðna.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps vísar umræðu um samþykktir Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu bs. til síðari umræðu. Sveitarstjóra falið að senda samþykktirnar og greinargerðina til kynningar fræðslunefndar.

9. 2110004 - Rekstraryfirlit 6 mánaða staða
Sveitarstjóri leggur fram rekstraryfirlit janúar til júlí 2022 ásamt sjóðstreymisáætlun. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar fyrstu 6 mánuði ársins er jákvæð um 10 millj.kr. Tekjur eru um 10% umfram áætlun en fylgjast þarf vel með kostnaðarþróun fræðslumála, hreinlætismála ásamt

BHS
D.G.
GPS
Sui
AG



sameiginlegum kostnaði. Huga þarf að gerð viðauka með haustinu þegar tekjuþróun kemur betur í ljós.

Reksturinn er á áætlun.

10. 2205014 - Skipun í Félagsmálanefnd Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu

Þann 29. apríl sl. samþykkti Alþingi frumvarp mennta- og barnamálaráðherra um frestun niðurlagninga barnaverndarnefnda til 1. janúar 2023.

Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu hefur verið með verkefni barnaverndarnefndar og er heimilt að fela nýrri félagsmálanefnd tímabundin verkefni barnaverndarnefndar til 1. janúar 2023.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps skipar Auðbjörgu Bjarnadóttur sem aðalmannt í Félagsmálanefnd Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu og Margréti Guðmundsdóttur til vara. Jafnframt samþykkir sveitarstjórn Skaftárhrepps fyrir sitt leyti að fela Félagsmálanefndinni tímabundin verkefni barnaverndarnefndar til 1. janúar 2023.

Fundargerðir til kynningar

11. 2205010 -

Fundargerð aukaaðalfundar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, dags. 16.06.2022

219. fundur Heilbrigðisnefndar Suðurlands, dags. 29.06.2022

584. fundur stjórnar SASS, dags. 24.06.2022

38. fundur umhverfis- og náttúruverndarnefndar, dags. 26.06.2022

582. fundur stjórnar SASS, dags. 03.06.2022

18. fundur atvinnumálanefndar, dags. 26.06.2022

62. fundur stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 28.06.2022

Aðalfundargerð Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 07.07.2022 auk fylgigagna

108. fundur menningarmálanefndar, dags. 16.03.2022

13. fundur stjórnar Skógasafns, dags. 07.07.2021

14. fundur stjórnar Skógasafns, dags. 14.12.2021

Fundargerðir kynntar.

Annað kynningarefni

12. 2205010 -

Aðalfundur Landskerfis bókasafna hf. 2022. Landskerfi bókasafna, dags. 14.06.2022

Menntadagur skólaþjónustunnar. Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, dags. 20.05.2022

Kynnt.

BMS
J.G.
GFS
Shj
AG



Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna sumarfría starfsfólks frá 18. júlí nk. til 5. ágúst nk. að báðum dögum meðtöldum. Fráfarandi sveitarstjóri Skaftárhrepps vill koma á framfæri þökkum fyrir það traust sem henni hefur verið sýnt síðastliðin sjö ár og óskar sveitarfélaginu og sveitarstjórn velfarnaðar til framtíðar. Sérstakar þakkir fá starfsmenn sveitarfélagsins fyrir gott samstarf.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps þakkar fráfarandi sveitarstjóra Söndru Brá Jóhannsdóttur samstarfið sem og hennar störf fyrir sveitarfélagið og óskar henni jafnframt velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar er áætlaður fimmtudaginn 8. september nk. Aukafundur verður boðaður þegar ráðning sveitarstjóra liggur fyrir.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 16:03.


Jóhannes Gissurarson

Björn Helgi Snorrason


Gunnar Pétur Sigmarsson


Auður Guðbjörnsdóttir


Sveinn Hreiðar Jensson